

Handbók með Fjölmennigarlegu dagatali

Viðbótarupplýsingar um löndin sem tilheyra
dagatalinu ásamt leikjum og fróðleik

Fjölmenningarleg kennsla

Í þessari handbók er fjallað um ýmsar leiðir sem notast má við í fjölmenningarlegri kennslu og einnig hvernig nýta má dagatalið til fræðslu/kennslu. Þessi handbók er fyrir kennara og til þess að auðvelda þeim og aðstoða þá að fá hugmyndir til kennslu.

Minna skal á að fjölmenning er ekki eingöngu þegar fólk af mismunandi þjóðerni býr saman sem ein þjóð heldur er líka mikil fjölmenning á meðal okkar allra þ.e. við erum öll ólík á einn eða annan hátt, sem dæmi má nefna að hver fjölskylda hefur sína menningu og hver leikskóli hefur sína menningu.

Fjölmenningarleg kennsla gerir þær kröfur til kennarans að hann gangi ekki aðeins út frá einni menningu í kennslunni, heldur geri ráð fyrir fleiri menningarstraumum innan samfélagsins. Kennarinn skal vera á varðbergi gagnvart kynþáttaförðómum, hvort sem er í umhverfinu eða námsefninu. Ef hann verður var við slíkt skal hann gera það að umræðuefni. Kennarinn skal varast það að upphefja eigin menningu, hann skal benda á jákvæðar hliðar

menningarheima, leggja áherslu á umburðarlyndi og mikilvægi þess ásamt samkennd og skilning í öllum mannlegum samskiptum. Hann þarf að benda á að þegar ólíkir hópar í samfélaginu búa saman þurfa þeir að læra að taka tillit hvor til annars. Fjölmenningarleg kennsla gerir einnig þær kröfur að kennari sæki námskeið í kennslu blandaðra bekkja, að hann kynni sér og fjalli um kynþáttahatur, mismun, ofbeldi, mannréttindi og einelti og að hann sé opinn fyrir samveru við kennara frá öðrum menningarheimum/svæðum. Það að börn öðlist samkennd eykur hæfileika þeirra til að skilja aðra menningu og það að geta sett sig í spor annarra eins og t.d. flóttafólks. Fjölmenningarleg kennsla er æfing í samkennd. Börn sem hafa öðlast samkennd eru næmari gagnvart forðómum, mismun og óréttlæti. Með því að fræða börnin og kenna þeim eflist samkennd þeirra og um leið hæfni þeirra til að hugsa um og setja sig í spor annarra. Með öðrum orðum að kenna börnum að bera virðingu fyrir öðrum, æfa þau í umgengni við aðra sem eru ólíkir þeim og kenna þeim umburðarlyndi gagnvart ólíkri menningu (Guðrún Pétursdóttir 1999:39-40).

Það sem gott er að hafa í huga í öllum leikskólum í sambandi við fjölmenningarlega kenngu er að:

- Athuga innkaup á leikföngum. Passa upp á að brúðurnar séu líka af afrískum eða asískum uppruna.
- Reyna að hafa upp á hljóðsnældum (geisladískum) á mismunandi tungumálum. Með því fá öll börn tækifæri til að hlusta á efni á sínu móðurmáli og íslensku börnin fá tækifæri til að heyra önnur tungumál en íslensku og að venjast því sem eðlilegum hluta daglegs lífs.
- Einstök orð (t.d. tölur og bókstafir) á ýmsum tungumálum séu kennd öllum börnum leikskólans. Um leið og þetta er skemmtilegur leikur fá öll börnin innsýn í heim tungumála og styrkja málfærni á sínu eigin móðurmáli.

- Lögð sé áhersla á leiki og æfingar sem styrkja sjálfsmynd, samskiptahæfni og samvinnuhæfni.
- Í allri kennslu og leikjum sé lögð meiri áhersla á leiki sem styrkja samvinnu frekar en samkeppni milli nemenda.
- Passað sé upp á að á plakötum, myndum og myndabókum megi sjá myndir af fólki af ýmsum uppruna og með ólíkt útlit.
- Athugað hvort í myndabókum séu alhæðar (stundum afskræmdar) staðalmyndir af ákveðnum hópum í samfélaginu.
- Að veggspjald sé í anddyri leikskólans sem býður alla foreldra og börn velkomin á þeirra móðurmáli.
- Hátíðir annarra trúarbragða en kristni séu virtar.

Þetta og margt annað er gott að hafa í huga þegar kemur að fjölmenningu í leikskólum (Guðrún Pétursdóttir 2003:150).

Meiri fróðleikur um löndin tólf

Filipseyjar

Höfuðborg Filipseyja heitir Manila.

Á Filipseyjum búa um 87.857.000 milljónir manna.

Gjaldmiðill landsins heitir *piso*.

Filipseyingar halda upp á tvo þjóðhátiðardaga, sá fyrri er þann 12.júní og sá síðari er þann 4.júlí. Tungumál Filipseyinga heitir *filipino* (tagalog) en enska er þeirra annað tungumál.

Flestir Filipseyingar eru rómversk-kaþólskir.

Filipísk matargerð hefur tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar vegna áhrifa frá maláskri, mexíkóskri, spænskri, kínverskri, indverskri og amerískri matargerð. Filipseyingar borða yfirleitt þrjár máltíðir á dag, morgunmat eða *almusal*, hádegismat eða *tanghalian* og kvöldmat eða *merienda*

(<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/rp.html>)

(<http://en.wikipedia.org/wiki/Philippines>).





Litháen

Litháen er land í Norðaustur Evrópu. Það er eitt af Eystrasaltslöndunum vegna staðsetningar sinnar en það liggur að Eystrasalti.

Tungumálið í Litháen kallast litháíska og höfuðborgin heitir Vilínus.

Í Litháen er forseti og forsætisráðherra, þannig að þar er lýðveldi.

Gjaldmiðillinn í Litháen heitir *Litas*.

Litháar eru flestir rómversk-kaþólskrar trúar.

Þjóðhátíðardagar Litháen eru tveir, sá fyrri er þann 16.febrúar og sá síðari er þann 11.mars.

Þann 4.febrúar 1991 voru Íslendingar fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði Litháens þegar þeir lýstu yfir sjálfstæði sínu.

Maturinn í Litháen er að miklu leyti búinn til úr því sem ræktað er í landinu, eins og bygg, rúgur, kartöflur, rauðrófur og sveppir. Hveitibollur, kleinuhringir, pönnukökur, rúgbrauð og fylltar kartöflur er algengur matur í Litháen.

Vinsælustu íþróttirnar í Litháen eru fótbolti, körfubolti, fjálsar íþróttir og hjólréiðar. Vilnús er oft kölluð Rómaborg Eyrstrasaltsins. Í borginni er yndislegur gamall borgarhluti með ótal kirkjum og turnum. Þar er að finna elsta háskóla Evrópu. Samkvæmt goðsögninni dreyndi hertoga nokkurn eitt sinn úlf, er hann var staddur við Vilnúsána. Líkami úlfsins var úr járni svo engin vopn fengu unnið á honum. Á hæð einni í nágrenninu hóf hertoginn því að reisa álíka óvinnanlega borg. Þannig varð til sagan um Járnúlfinn Vilnús og uppruna borgarinnar (<http://en.wikipedia.org/wiki/Lithuania>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/lh.html>).

Bretland

Höfuðborg Bretlands er London og í Bretlandi er töluð enska, velska og geílíska.

Í Bretlandi er bæði konungsfjölskylda og ríkisstjórn.


Þar búa um 60.609.000 milljónir manna.

Gjaldmiðillinn í Bretlandi heitir *pund*.


Skotland, Wales, og Norður-Írland tilheyra Bretlandi.

Þjóðin er samansett af Englendingum (meirihluti), Skotum, Írum, Walesbúum og innflytjendum frá Indlandi, Vestur Indíum, Pakistan, Bangladesh og Afríku.

Kristin trú er fjölmennasta trú á Bretlandi en þó eru önnur trúarbrögð einnig iðkuð þar. Þau eru rómverks-kaþólska, íslam, hinduismi, síkismi og gyðingtrú.



Eitt vinsælasta barnaefni sem kemur frá Bretlandi eru Stubbarnir (Teletubbies). Stubbarnir eru fjórir og heita: *Tinky Winky* sem er stærstur og er fjólublár á litinn. Hann er með þríhyrningslaga lofnet á höfðinum og hann á rauða handtösku sem er töfrataska. *Dipsy* er karlkyns persóna, grænn með grænt prik upp úr höfðinu. Uppáhalds hluturinn hans er svartur og hvítur hattur. *Laa-Laa* er kvenkyns persóna, gul með krullað lofnet. Uppáhaldshlutur *Laa Laa* er appelsínugulur bolti. Hún hefur mikinn áhuga á velferð allra. Hún heldur að hún sé góð söngkona. *Laa Laa* er „drama dóttning“, party-gella og móðurleg. *Pó* er minnstur/minnst af Stubbum og er sá/sú sem oftast lendir í sakleysislegum óhöppum. Uppáhaldshlutur *Pó* er hlaupahjólíð hans /hennar. *Pó* talar tvö tungumál. Af öllum Stubbum er *Pó* sú/sá sem oftast nær best til áhorfendanna. Þó að kyn *Pó* sé ekki þekkt eru flestir sem telja að *Pó* sé kvenkyns. Það skapar ákveðið jafnvægi milli tveggja kvenna og tveggja karla. (<http://en.wikipedia.org/wiki/Uk>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/uk.html>).



Taíland

Höfuðborg Taílands er Bangkok. Í Taílandi búa um 64.186.000 milljónir manna.

Í Taílandi er töluð taílenska.

Gjaldmiðillinn í Taílandi heitir *baht*.

Taílendingar halda Þjóðhátíðardag þann 5. desember.

Flestir íbúar Taílands eru búddatrúar. Múslimar eru í miklum minnihluta og búa flestir í suðurhluta landsins. Kristnir eru einnig í litlu hlutfalli og búa flestir þeirra í Mið-Taílandi. Þá er einhver fjöldi sem tilheyrir Hindtrúarbrögðunum.

Nýju ári er fagnað í Taílandi í mars og apríl. Það getur verið breytilegt eftir árum.

Taílensk matargerð hefur þá sérstöðu að þar er fimm helstu bragðskynunum blandað saman.

Þetta eru sætt, sterkt, súrt, beiskt og salt (<http://en.wikipedia.org/wiki/Thailand>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/th.html>).

Svíþjóð

Höfuðborg Svíþjóðar er Stokkhólmur og þar búa 9.103.000 milljónir manna.

Svíar tala sænsku og gjaldmiðillinn þar heitir sænsk króna.

Þjóðhátíðardagur Svíþjóðar er 6.júní. Flestir Svíar iðka evangelíska-lútherska trú.

Vinsælustu íþróttimar í Svíþjóð eru fótbolti og íshokki.

Fiskur, kjöt, sósa og kartöflur, pönnukökur með sultu og samlokur er vinsælasti maturinn í Svíþjóð.

Þekkt barnaefni frá Svíþjóð eru meðal annars Lína Langsokkur og Emil í Kattholti.

Í Svíþjóð er bæði konungur og ríkisjörn og þar hefur verið konungsdæmi í næstum þúsund ár.

Mikið er um stóra skóga í Svíþjóð og eru helstu tegundirnar fura, greni og birki.

Úlfar hafa nánast orðið útdauðir í Svíþjóð en á sama tíma hefur skógarbjörnum fjölgað.



Í Svíþjóð er einnig mikið af elgum, hreindýrum, refum og hétum.

Svíar fagna vorinu með því að halda brennur á síðasta degi aprílmánaðar ár hvert og þeir fagna Jónsmessunótt í kringum 24. júní sem er lengsti dagur ársins.

Svíar halda einnig hátíðir sem tengjast trúarbrögðum eins og aðventu, Sankti-Lúsiudagurinn, jól, páskar og hvítasunnudagur. Heiðni kemur stundum fram í þessum hátíðardögum.

Sankti-Lúsiudagurinn er haldinn hátíðlegur að morgni 13. desember sem er dimmasti dagur ársins. Hátíðin sýnir „Jósa drottningu“ sem er í hvítum kjól og ber kórónu með logandi kertum sem eiga að tákna komandi sól. Lúsiudagurinn ásamt aðventunni markar upphaf jólanna (<http://en.wikipedia.org/wiki/Sweden>)

(<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/sw.html>).

Ísland

Höfuðborgin á Íslandi heitir Reykjavík og þar búa 309.699 þúsund manns. Á Íslandi er töluð íslenska og gjaldmiðillinn heitir íslensk króna.


Íslendingar halda þjóðhátíðardag þann 17. júní. Á Íslandi er kristin trú mest iðkuð.

Íslendingar borða yfirleitt kjöt, fisk, skyr og slátur. Þó hefur matargerð breyst mikið og erlend áhrif í matargerð hafa aukist.

Á Íslandi eru fótbolti og handbolti vinsælustu íþróttirnar.


Á Íslandi eru mörg virk eldfjöll vegna einstakra jarðfræðilegra aðstæðna. Á eyjunni eru u.þ.b. 130 eldfjöll, en einungis nokkur þeirra gjósa reglulega, til dæmis Hekla og Krafla.

Hekla er 1488 metra hátt fjall. Það er eitt virkasta og þekktasta eldfjall á Íslandi og gjarnan kallað Drottning íslenskra fjalla.



Saga tengd Heklu

Mikil hjátrú hefur verið tengd fjallinu í gegnum aldirnar. Töldu menn lengst af að Hekla væri inngangur að helvíti eða jafnvel helvíti sjálft. Náttúrufræðingarnir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson vildu afsanna þetta og voru fyrstir manna til að ganga á fjallið. Það gerðu þeir árið 1750 (<http://en.wikipedia.org/wiki/Iceland>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/ic.html>).



Bandaríkin

Bandaríkin er næststærsta ríki Norður-Ameríku að flatarmáli og jafnframt eitt fjölmennasta ríki heims en í Bandaríkjunum búa um 301.445.000 milljónir manna. Bandaríkin samanstanda af 50 ríkjum og stjómurnar í fánanum tákna ríkin, ein stjarna fyrir hvert ríki. Höfuðborg Bandaríkjanna heitir Washington.

Meðal þeirra fyrstu sem bjuggu í Bandaríkjunum voru indjánar.

Fólk frá Bandaríkjunum kallast Bandaríkjamenn eða Ameríkanar og þeir tala flestir ensku.

Í Bandaríkjunum er forseti eins og á Íslandi.

Gjaldmiðillinn í Bandaríkjunum heitir dollari (Bandaríkjadalur).

Þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna er 4.júlí. Flestir Bandaríkjamenn eru kristnir.

Vinsæll matur í Bandaríkjunum er meðal annars kalkúnn, kartöflur, hamborgarar og franskar, ásamt eplapæ.


Frá Bandaríkjunum koma t.d. Mikki mús og Andrés Önd og Disney myndirnar koma líka frá Bandaríkjunum.

Hrekkjavaka er hátíðisdagur ættaður úr keltneskri trú þar sem hann hét upphaflega Samhain. Drúidar færðu þá þakkir fyrir uppskeruna og boðuðu komu vetursins. Drúidar voru menn úr prestastétt sem bjuggu meðal Kelta í Bretlandi og Írlandi. Þeir voru spámenn og skáld en í fornum sögnum í Írlandi og Wales segir að þeir hafi verið galdrmenn. Hrekkjavaka er haldin 31. október, kvöldið fyrir Allraheilagramessu.

Mörk heima hinna lifandi og hinna dauðu voru óljós þennan dag og draugar og aðrar óvættir voru taldar sveima um og voru því bálkestir kveiktir til að vernda hina lifandi. Drúidarnir dulbjuggu sig til að þekkjast ekki og buðu óvættunum mat og drykk til að friðþægja þær. Hrekkjavöku fylgdu ýmsar hefðir, og lifa sumar þeirra í hrekkjavöku nútímans þar sem fólk klæðist grímubúningum og sjá má drauga og aðrar óvættir í skreytingum.

Þannig að enn þann dag í dag klæða bæði börn og fullorðnir sig í búninga á Hrekkjarvöku og skreyta hús sín. Börnin fara á milli húsa og segja „trick or treat“ sem þýðir grikk eða gott (nammi) og þá fá þau nammi, ávexti eða aðrar gjafir.

Fólk sker líka út grasker sem er stór appelsínugulur ávöxtur og setur kerti inn í það og því verður umhverfið svolítið draugalegt. Það er mjög algengt að börn fái sykurlugin epli á Hrekkjavöku (http://en.wikipedia.org/wiki/United_States) (<http://www.worldfactbook.org/>) (<http://en.wiktionary.org/wiki/druid>).




Danmörk

Í Danmörku eru helstu borgirnar Kaupmannahöfn, sem er höfuðborgin, Árósar, Álaborg, Óðinsvé, Kolding og Vejle.

Danmörk er mjög láglent land, eiginlega alveg flatt. Hæsti punktur þess er *Himmelbjerget* (Himnafjall) sem Danir eru stoltir af en það er 147 metra hátt.

Danir eru 95% lútherstrúar, aðrir eru mótmælendur og rómverks kaþólskir sem eru 3% og múslimar eru 2%. Í Danmörku eru nokkrir af elstu skemmtigörðum heims og má þar nefna Bakken sem er elsti skemmtigarður í heimi. Þar er einnig Tivolið í Kaupmannahöfn og Legoland. Hans Christian Andersen var danskt skáld og rithöfundur sem þekktastur er fyrir ævintýri sín. Meðal þekktustu ævintýra hans eru Eldfærin, Prinsessan á bauninni, Litla hafmeyjan, Nýju fötin keisarans, Litli ljóti andarunginn, Snædrottningin, Litla stúlkan með eldspýturnar og Hans klaufi (<http://en.wikipedia.org/wiki/Denmark>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/da.html>).



Kína

Kína er í heimsálfunni Asíu. Kína er fjölmennasta ríki heimsins og það fjórða stærsta í heimi. Í Kína búa 1.313.973.713 milljónir manna.

Höfuðborgin í Kína heitir *Beijing* (Peking).

Fólkíð í Kína kallast Kínverjar og þeir tala kínversku. Á kínversku er Kína kallað „*Zhongguo*” en Zhon þýðir mið/í miðju og guó þýðir land/ríki. Þannig að þetta þýðir Miðríkið (Middle Kingdom/Central Kingdom). Í Kína er lýðræði með forseta og forsætisráðherra.

Gjaldmiðillinn í Kína kallast *renminbi* (yuan). Kínverjar eru flestir Búddatrúar eða Tao trúar. Kínverjar borða mjög mikið af hrisgrjónum, núðlum, grænmeti og kjöti. Þeir borða matinn sinn með prjónum og þegar það er súpa nota þeir skeiðar sem eru búnar til úr leir (http://en.wikipedia.org/wiki/People%27s_Republic_of_China <https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/ch.html>).



Pýskaland

Í Pýskalandi er Kanslari og einnig forseti.

Kanslari er sá sem ræður í rauninni mestu en er samt þriðji í

röðinni á eftir forseta og þingforseta. Staða hans er sambærileg stöðu forsætisráðherra á Íslandi. Höfuðborg Pýskalands er Berlín. Það búa um 82.422.000 milljónir manna í Pýskalandi, og þar er töluð þýska. Gjaldmiðillinn þar heitir evra.

Í Pýskalandi býr fólk af ólíkum kynþáttum, Þjóðverjar eru um 91.5%, Tyrkir um 2.4%, og aðrir um 6.1% (samanstanda af Grikkjum, Ítölum, Pólverjum, Rússum, Serbíu-Króötum, Spánverjum). Þjóðhátiðardagur Pýskalands er 3. október.

Flestir Þjóðverjar eru lútherstrúar eða rómversk-kapólskir. Vinsælasta íþróttin í Pýskalandi er fótbolti. Þjóðverjar borða mikið af svínakjöti, bæði söltuðu og reyktu, snitsel og súrkáli. Þekkt barnaefni sem kemur frá Pýskalandi er m.a. Mjallhvít og Öskubuska


(<http://en.wikipedia.org/wiki/Germany>).



Mjallhvít og Rósráud

Mjallhvít og Rósráud er saga um tvær stúlkur sem bjuggu með móður sinni sem var fátæk ekkja. Báðar stelpurnar voru ákaflega góðar og þótti óskaplega vænt um hvor aðra. Mómmu þeirra þótti mikið til þeirra koma. Eitt vetrarkvöld var bankað á útidyrnar hjá þeim. Rósráud fór til dyra og fyrir utan dýrnar fann hún skógarbjörn. Í fyrstu varð hún hrædd en björninn sagði henni að vera ekki hrædda þar sem hann væri frosinn og gæti varla hreyft sig og spyr hvort að hann gæti fengið að hlýja sér við arineldinn. Þær hleyptu birninum inn og hann lagðist við arininn. Stúlkurnar vinguðust við björninn en hann varaði þær við og sagði að ef þær myndu ekki leyfa honum að lifa sínu lífi myndu þær aldrei giftast. Þær leyfðu birninum að sofa við arininn á hverju kvöldi fram á sumar en þá sagðist björninn verða að fara til að huga að fjársjóði sínum og verja hann fyrir illkvittnum dvergi. Um sumarið hittu stúlkurnar svo dverg sem hafði fest skegg sitt og þær aðstoðuðu hann við að losa skeggið. Dvergurinn varð reiður vegna þess að þær klipptu skeggið til að losa hann. Seinna um sumarið hittu þær

svo dverginn aftur og þá var hann lafhræddur því björninn ætlaði að drepa hann. Hann bað björninn um að éta frekar stúlkurnar en björninn sló til dvergsins og drap hann. Á sama augnabliki breyttist björninn í prins en dvergurinn hafði lagt álög á prinsinn Mjallhvít giftist síðan prinsinum og Rósrauð giftist bróður hans (http://en.wikipedia.org/wiki/Snow-White_and_Rose-Red).



Pólland

Höfuðborg Póllands er Varsjá


Um 39.551.000 milljónir manna búa í Póllandi.

Pólska er tungumálið í Póllandi og gjaldmiðillinn þar heitir *Zloty*.

Þjóðhátiðardagur Póllands er 11.nóvember

Flestir Pólverjar eru rómversk-kaþólskir og er vinsælasta íþróttin þar fótbolti.

Íslendingar þekkja einna best Prins pólo sem kemur frá Póllandi en einnig eru þeir þekktir fyrir pólskar pylsur, rauðbeðusúpu, andablóðssúpu, pólskt brauð, kálrúllur, svínakótilettur, kássu og samlokur. Vinsæll eftirréttur í Póllandi er pólskur kleinuhringur og engiferbrauð þegar kommúnistar voru við völd í Póllandi þá var 1.mai fagnað sem verkalyðsdegi. Þá var farið í kröfugöngu, haldnir tónleikar og annað. Seinna var 1.mai gerður að ríkisfrídegi og að auki var 3.mai gerður að stjórnskráardegi svo að Pólverjar fagna nú tveimur hátíðisdögum í sömu vikunni. Til þess að þjóðin fái betra frí og þessir dagar nýttist sem best er venjan sú að



Pólverjar taka sér frá líka 2.mái. Það getur því reynst erfitt að eiga í einhverjum viðskiptum 2.mái því að þá eru flestir bankar, skrifstofur og búðir lokaðar. Þetta frá er þekkt og er kallað *The Picnic* (Majówka) (<http://en.wikipedia.org/wiki/Poland>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/pl.html>).

Portúgal

Höfuðborg Portúgals er Lissabon og gjaldmiðillinn þar heitir evra.

Tungumálið sem er talað í Portúgal heitir portúgalska.

Meirihluti Portúgala er kabólskur.

Þjóðhátíðardagur Portúgals er 10. júní.

Það búa um 10.605.000 milljónir manna í Portúgal.

Í Portúgal hefur hvert landsvæði sína sérrétti sem ofast innihalda kjöt eða fisk. Saltfiskur er sérstaklega vinsæll í landinu (*bacalhau* á portúgölsku). Einnig er mikið um sætindi, sem oftar en ekki eru drukkin með sterku kaffi. Portúgalar hafa einnig þróað sína eigin skyndíbitamenningu, *Francesinha* er vinsælasti rétturinn þar (nafnið merkir lítil frönsk stúlka), hann er gerður úr brauði, pylsum, kjöti, osti og sósu sem meðal annars samanstandur af viskíi og bjór.



Fótbolti er langvinsælasta íþrótt landsins, enda hefur landið verið ofarlega á heimslista FIFA undanfarna áratugi. Portúgal hefur alið af sér marga þekktu fótboldamenn í gegnum tíðina og eru þeir helstu *Luis Figo*, goðsögnin *Eusébio*, *Rui Costa*, *Pauleta* og *Cristiano Ronaldo*. *Luis Figo* var m.a kjörinn knattspyrnumaður Evrópu árið 2001 þegar hann spilaði með Real Madrid. Hjólaskautahokki er vinsælt, enda Portúgal það land sem hefur unnið flesta titla á því sviði. Golf er einnig mikið stundað í landinu, og þá helst í suðurhlutanum í kringum ferðamannakjarna, sem og blak og strandfótbolti (<http://en.wikipedia.org/wiki/Portugal>) (<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/geos/po.html>).

Skemmtiefni tengt fjölmenningu

Leikir

Leikur er börnum mikilvægur því í leiknum endurspeglast reynsla, skoðanir, hugmyndir og upplifanir barnsins. Í gegnum leikinn lærir barnið einnig að þekkja sjálft sig, en það gerir leikinn að mikilvægum þætti fyrir nám og þroska barnsins. Í leiknum lærir barnið einnig samskipti og samvinnu sem eru afar mikilvægir þættir í uppeldi barna. Leikina og hugmyndirnar í handbókinni má nota til að skapa umræður um fjölmenningu og fá þannig fram hvaða hugmyndir börnin hafa um aðrar þjóðir. Sumar hugmyndirnar fela í sér samvinnu og með því að vinna saman þá gera börnin sér grein fyrir því að fleiri hugmyndir fæðast og hlutirnir þróast á annan hátt en þegar þau vinna einsömul. Þau læra að taka tillit til skoðana og hugmynda hinna og auka þannig með sér skilning, umburðarlyndi og víðsýni.

Keðjuleikur

Markmið: Þessi leikur er einföld og skemmtileg leið barna til að upplifa það að vera hluti af hópi og uppgötva hluti eða eiginleika sem þau eiga sameiginlegt með öðrum í hópnum. Stundum kemur það þeim alveg á óvart með hverjum þau eiga eitthvað sameiginlegt.

Framkvæmd: Kennarinn hugsar sér eitthvað einkenni eða eiginleika og kallar það upphátt yfir hópinn. Börnin ganga um herbergið og finna önnur börn sem finnst það sama eða hafa sama einkenni. Dæmi: Kennarinn kallar „uppáhaldslitur!“ – börnin ganga um og segja upphátt uppáhaldslitinn sinn og krækja saman höndum við þá sem eiga sama uppáhaldslit. Eftir nokkrar mínútur kallar kennarinn upp annað einkenni „skemmtilegast að gera á leikskólanum“, þá slitna fyrir keðjurnar og nýjar myndast. Dæmi um einkenni geta í raun verið hvað sem er, uppáhaldsdýr, matur, hvernig þau koma í leikskólann, gæludýr, föt, sjónvarpsefni(Guðrún Pétursdóttir 2003:139).

Vinna með fána

Markmið: að kynna fyrir börnunum fána heimsins, hvað er líkt/ólíkt með þeim, hvað þeir standa fyrir og hver er sagan á bak við þá og hvað tákna litirnir og tákni á fánunum.

Framkvæmd: Í símaskránni má finna alla fánana og hægt er að taka þær blaðsíður úr símaskránni, plasta þær og hengja upp á vegg. Með því skapast oft umræður og hægt er að skoða fánana og finna hvað þeir eiga sameiginlegt og hvað er ólíkt með þeim.

Sem dæmi má nefna:

- Hvað eru margir fánar sem eru röndóttir?
- Hvað eru margir fánar sem eru með hring?
- Hvað eru margir fánar með kross og tákna hann eitthvað sérstakt?
- Hvað eru margir fánar með stjörnu og tákna þær eitthvað sérstakt?
- Hvað eru margir fánar með tungl og tákna það eitthvað sérstakt?

Hægt er að leyfa börnunum að velja þann fána sem þeim líst best á eða tengist þeim á einhvern hátt og þau geta teiknað hann, litað og klippt út. Þá má einnig perla fánann en með því er ýtt undir fínhreyfingar, formhugsun og stærðfræði.

Í framhaldi af þessu er hægt að tengja fánann við landið sem hann tilheyrir með því að nota hnattlíkan eða Atlas kort og finna hvar á hnettinum landið er.

Gaman er að prenta út fána og kveðjur frá þeim löndum sem börn og kennarar koma frá og hengja það upp á fjölfarinn stað innan leikskólans.

Hvaðan koma hlutirnir

Markmið: Að fá börnin til að hugsa um þá staðreynd að flestir hlutir sem þau nota í daglegu lífi koma langt að. Hvaðan koma þeir og hvernig?

Framkvæmd: Hægt er að taka nánast hvað sem er fyrir, fáttað barnanna, bækur, húsgögn, leikföng eða bara það sem okkur dettur í hug. Við skoðum hlutina og finnum út hvar þeir eru framleiddir og hvaðan þeir koma. Það land má svo finna á hnattlíkani eða heimskorti og er gaman að merkja það inn á.

Hægt er að tengja fánann við það land.

Þá er einnig gaman að ræða hvaða leið og á hvaða hátt þessir hlutir koma til landsins.

Myndir af fólki

Markmið: Að börnin geri sér grein fyrir margbreytileikanum, að engir tveir eru eins en allir eru sérstakir og mikilvægir. Þá er ekki síður mikilvægt að börnin geri sér grein fyrir að þrátt fyrir að við séum ólík eigum við margt sameiginlegt.

Framkvæmd: Börnin skoða sig í spegli og sjá hvað þau eiga sameiginlegt og hvað ekki.

Umræður um augu, augnalit, hárlit, hárlit, eyru, nef og það sem þeim dettur í hug.

Verðlaust efni eins og bæklingar og dagblöð má nota til að finna myndir af ólíku fólki og gaman er að leyfa börnunum að klippa út myndir og hengja upp á vegg.

Skemmtilegar umræður geta skapast út frá þessum vangaveltum.

Einnig er gaman að nota glæsur, setja þær á gler og láta þau vinna saman tvö og tvö. Þá standa þau sitthvoru megin við glerið og draga andlit hvert annars upp (teikna) með tússpenna á glæruna. Einnig hægt að láta þau mála hvort annað á þennan hátt.

Vinir

Markmið: að efla vináttu milli barnanna og fá þau til að hugsa um hvað felst í vináttunni.

Hvað er umburðarlyndi, hjálpssemi og tillitsssemi.

Framkvæmd: Umræða um vini og hvað þeir gera.

Gera vinavegg, þar sem hengdar eru upp myndir af vinum og gaman væri ef börnin og foreldrar þeirra myndu taka þátt og börnin kæmu með myndir af sér og vinum sínum og hengdu þær á vinavegginn.

Vinalagið (Meistari Jakob)

Við erum viniir,

Við erum viniir,

Ég og þú,

Ég og þú,

Við leikum okkur saman

Við leikum okkur saman

Hér og nú

Hér og nú.

Fingraförin

Markmið: Að börnin geri sér grein fyrir því að við erum einstök og að engir tveir eru eins. Ekki einu sinni tvíburar hafa eins fingraför.

Framkvæmd: Umræða um fingurna, hvað þeir heita og þess háttar. Mörg lög og þulur eru til um fingurna.

Smásjá eða stækkunargler notað og fingraförin skoðuð. Þegar börnin hafa skoðað fingraförin eru þau stimpluð á blað t. d. með bleki. Þau eru síðan skoðuð með smásjá eða stækkunargleri. Skemmtilegt er að hengja fingraförin upp á vegg þar sem hægt er að skoða þau og velta þeim fyrir sér.

Einnig er gaman að stimpla hendur og fætur á blað.

Hugmyndir að leiðum til þess að kynna fyrir börnum ólík trúarbrögð og menningu

Það er margt hægt að gera til að kynna fyrir börnum ólík trúarbrögð og menningu. Það má til dæmis fjalla um ólík dagatöl sem tilheyra mismunandi trúarhópum, segja sögur sem vekja athygli barnanna, með því er auðvelt að gera fræðsluna skemmtilega. Allt þarf þetta að vera sett fram á áhugaverðan hátt til þess að vekja áhuga barnanna.

Dagatöl

Dagatöl eru notuð í flestum ef ekki öllum menningarsamfélögum og eru þau því eitthvað sem tengir okkur saman og skiptir þá ekki máli hvaðan við komum eða hver við erum.

Ljósín á himninum, sól og máni, hafa hjálpað mönnunum með þetta, með því að skilja að dag og nótt, mánuði og ár. Þannig höfum við getað sett niður þá daga sem skipta okkur máli. Það að fastsetja ákveðna daga fyrir ákveðna atburði er eitthvað sem er að finna í öllum trúarbrögðum. Það er í rauninni upphafið að fyrstu dagatöllum. Öll dagatöl eru tengd tunglinu og gangi þess eða sólarganginum. Oft er nýtt eða fullt tungl upphafið að einhverju nýju. Orðið dagatal er komið frá rómverjum og þýðir fyrsti dagur mánaðar. Auk mánaðar höfum við það sem heitir vika (-uka-week) og hún er einnig notuð í flestum menningarheimum. Gyðingar voru þeir fyrstu sem notuðu viku og þeir fyrstu sem höfðu ákveðinn hvíldardag í hverri viku.

Hvaða dagatöl eru til og hverjir nota þau

Tungldagatalið er það elsta sem til er. Hver nýr mánuður byrjar með nýju tungli eða fullu tungli. Hver mánuður er 29-30 dagar í annað hvert skipti. Tunglár er 12 mánuðir með 29-30 dögum sem gerir að í árinu eru 354-355 dagar. Þetta er 10-11 dögum styttra en sólárið. Múslimar fylgja þessu dagatali.

Tungl/Sólardagatalið bindur tunglganginn til árstíðaskiptanna. Þetta gerist með því að setja inn hlaupár þar sem bætist við einn mánuður. Hérna koma hátíðirnar á sama árstíma en á ólíkum dögum ársins. Oft eru hátíðirnar tengdar árstíðum ásamt trúarlegum atburðum. Búddar, Hindúar og Gyðingar nota þetta dagatal.

Sólar dagatalið er 365,25 dagar í ári. Það eru 12 mánuðir. Hérna eru hlaupár þar sem árið er ekki alveg heil tala. Hlaupárið þýðir að fjórða hvert ár inniheldur einn auka dag. Vestræn og Kristin dagatöl eru sólardagatöl. Hérna eru hátíðir á ákveðnum tíma/árstíðum og daga, nema páskar og hvítasunnan sem reiknast út frá gangi tunglsins eins og í gyðingadagatali, t.d. að upprisa Jesú sé sem næst sunnudeginum.

Vestræna dagatalið er notað á flestum stöðum í heiminum svona almennt. Trúarhátíðir og veislur fylgja oft gömlu dagatölunum. Japan og Kína eru einu löndin sem hafa flutt hefðbundin hátíðahöld yfir á vestræna dagatalið (Börresen 1997:17).

Kínverska dagatalið Heimsins elsta tungl/sólar dagatalið kemur alla leið frá Kína og er frá því 1400 fyrir krist. Árið hefur 12 mánuði og hver mánuður samanstendur af 29-30 dögum og það er hlaupár á tveggja og hálfis árs fresti. Þá er settur inn einn aukamánuður. Þetta er gert til að láta hátíðir og árstíðir fara saman. Gömlu hátíðirnar voru tengdar jörðinni og notkun

hennar, til sáningar og uppskeru. Stóru vor- og haust hátíðirnar voru einnig haldnar til minningar um þá látnu. Árið hefst með öðru nýju tungli eftir vetrarsólhvörf. Það þýðir að kínverskt nýár er einhversstaðar á milli 21. janúar og 20. febrúar í vestrænu dagatali. Dagatalið byggist upp á 12 ára hring. Hvert ár er nefnt eftir dýri. Persónueinkenni dýranna segir til um hvernig árið muni verða, bæði hvernig þjóðfélagið verður og manneskjumar sem fæðast á árinu. Þeir sem fæðast á ári rottunnar munu hafa sérstaka möguleika á næstu roftuárum.

Íranska dagatalið Þetta dagatal er enn notað í Íran og er tungl/sólar dagatal sem hefur upptök sín hjá zoroastrísku trúnni sem var opinber trú í Íran þar til arabarnir tóku upp Íslam um árið 800. Nýár-noroz er haldið hátíðlegt á vorjafndægri þann 21. mars eftir vestrænu dagatali. Árið hefur 12 mánuði og einnig hlaupár.

Múslimskar hátíðir eru haldnar eftir múslimsku dagatali (Börresen 1997:19).

Híndúadagatal Í Indlandi hafa verið og eru að hluta til enn mismunandi dagatöl. Árið 1957 var það ákveðið að híndúdagatalið skyldi gilda þegar trúarbrögðin væru annars vegar en vestræna dagatalið hins vegar opinberlega. Hátíðisdagar sem eru tengdir ríkinu eru haldnir á ákveðnum dögum:

- Dagur lýðveldisins er 26.janúar
- Dagur sjálfstæðisins er 15.ágúst
- Fæðingadagur Gandhis er 2.október

Híndúadagatalið er tungl/sólar dagatal sem síkhar fylgja einnig.

Dagurinn er frá sólarupprás til sólarupprásar. Hver mánuður byrjar með nýju tungli. Þriðja hvert ár er hlaupár. Þá er settur inn einn aukamánuður til að halda árstíðunum á réttum stað. Hátíðirnar fylgja yfirleitt nýju tungli, fullu tungli eða myrkasta tíma tunglsins.

Það er enginn sérstakur dagur í vikunni sem er heilagari en annar. Suma daga er verið að hylla ákveðna guði og maður heldur daginn heilagan þegar sá guð sem maður er hvað mest tengdur er hylftur. Margir fasta þá daga sem fullt eða nýtt tungl er.

Búddadagatal Í byrjun tók búddisminn hefðbundna hindúadagatalið. Eftir því sem búddisminn breiddist milli landa voru margir sem fylgdu hindúadagatalinu. Tímatal búdda hefst á dauðadegi árið 543 f. krist. Fyrir utan nýár sem er haldið hátíðlegt 13.apríl eru allir aðrir búddískir helgidagar haldnir á milli þess þegar fullt tungl er og nýtt tungl er. Það eru 4 slíkir dagar í einum mánuði, einn í hverri viku. Þessir dagar kallast föstudagar (Börresen 1997:20-21).

Gyðingadagatal Þetta dagatal er sól/tungldagatal. Árið hefur 12 mánuði sem samanstanda af 29–30 dögum. Mánuðurinn stendur yfir frá nýju tungli til nýs tungls. Hátiðirnar eru ákveðnar út frá gangi tunglsins. Til þess að hátiðirnar séu haldnar á sama árstíma en ekki sama dag hvert ár er hlaupár. Árið byrjar með nýju tungli í mánuðinum Tishri (sept-okt). Dagurinn er frá sólarlagi til sólarlags eins og stendur í sköpunarsögunni (Biblían). Gyðingarnir voru þeir fyrstu til að hafa vikuna sjö daga og þar af einn hvíldardag samanber Biblíuna og þegar Guð skapaði heiminn á sex dögum en hvíldi þann sjöunda. Hvíldardagurinn er á laugardegi samkvæmt vestrænu dagatali. Vikudagarnir hafa ekki nafn heldur bara númer nema hvíldardagurinn, hann kallast Sabbaten. Í gyðísku dagatali eru margir dagar sem haldið er upp á. Allir dagarnir eru vegna mikilvægra atburða eða sannleika sem áttu sér stað í gyðingdómnum. Mikilvægustu hátiðirnar eru tengdar biblíunni og aðrar eru upprunnar frá rabbinum. Gyðingar telja árin frá sköpuninni og sem þeir telja að hafi gerst 3761 árum fyrir almennt dagatal.

Í borgaralegu lífi er notast við vestræna dagatalið. Gyðingar hafa þess vegna eigið dagatal sem kallast loach eða yfirlit (Börresen 1997:22).

Vestræna dagatalið Í rómverska ríkinu var notað tungldagatal sem samanstóð af tíu mánuðum eða 295 dögum. Fyrsti mánuðurinn var mars. Sjöundi, áttundi, níundi og tíundi mánuðirnir fengu nafn eftir latínskum táknum talnanna, september, október, nóvember og desember. Seinna komu janúar og febrúar sem mánuðir númer ellefu og tólf.

Júlíanska dagatalið Smátt og smátt kom þörfin fyrir að fá dagatal sem héldi sig við árstíðirnar. Julius Cesar breytti dagatalinu í sólardagatal frá tungldagatali. Mánuðirnir voru bundnir árstíðum og fjórða hvert ár var hlaupár. Þá var lagt til að eftir 28. febrúar yrði settur einn auka dagur til að árið myndi haldast 365.25 dagar.

1.janúar er fyrsti dagur ársins.

Kristna dagatalið Kristnir notuðu júlíanska dagatalið en gengu út frá fæðingu Jesú. Að auki notuðu þeir hebreska viku með sex dögum og einum hvíldadagurinn var sunnudagur.

Nokkrar kristnar hátíðir eru dagsettar út frá sólinni eins og jólin og út frá tunglinu eins og páskar og hvítasunna.

Gregoríanska dagatalið Júlíanska dagatalið var ekki eins nákvæmt eins og menn höfðu vonað. Það sýndi sig að það var 11 mínútum og 14 sekúndum of lengi og það raskaði öllu. Gregor Páfí XIII breytti júlíanska dagatalinu með því að stytta árið um tíu daga. Það skyldi samt enn vera hlaupár fjórða hvert ár. Gregoríanska dagatalið var tekið í notkun í rómverskum-kaþólskum löndum í Evrópu árið 1587. Grísk rétrúnaðar og mótmælenda lönd vildu ekki taka því dagatali sem var tengt páfanum í Róm. Það var ekki fyrr en um árin 1700 og 1800 sem farið var að nota þetta dagatal í V-Evrópu og í A-Evrópu.

Prímstafurinn Þetta er gamalt norrænt dagatal með þremur innskornum strikum fyrir hvern dag í árinu og með sérstökum táknum fyrir helgidaga og merkisdaga. Þetta er hið eilíflega júlíanska dagatal með rætur að rekja til miðalda. Eftir að gregoríanska dagatalið var tekið í notkun datt prímstafurinn niður og varð ónothæfur. Merking orðsins Prím kemur úr norrænu og þýðir nýtt tungl/nýr máni. Dagatalið hefur tvær hliðar, vetrarlið og sumarhlið. Vetrarliðin byrjar 14.okt og sumarhliðin þann 14.apríl (Börresen 1997:23).

Múslimska dagatalið Múslimska dagatalið er hreint tungldagatal. Árið hefur 12 mánuði sem byrja og enda með nýju tungli. Það er ekkert hlaupár og hátíðirnar hafa ekki fastar dagsetningar. Vegna þess að tunglárið er 10-11 dögum styttra en sólárið flytjast hátíðirnar tilsvarandi tilbaka í tengslum við vestræna dagatalið. Hátíðirnar er ekki hægt að setja fast niður vegna þess að fastan og eða aðrar hátíðir byrja með því að nýtt tungl er haldið hátíðlegt en ekki út frá reikningi. Vikan samanstandur af sjö dögum, sex virkum dögum og einum hvíldardegi, föstudegi. Föstudagurinn er haldinn heilagur því Mohammed fæddist á föstudegi. Dagurinn er frá sólarlagi til sólarlags. Múslimar reikna tímna frá því að Muhammed fór frá Mecca til Medina árið 622. Öll múslimsk lönd nota vestræn dagatöl í borgarlegum þáttum en múslimska dagatalið ræður því trúarlega (Börresen 1997:24).

Baha 1 dagatalið Þeir leggja áherslu á einn guð og það gildir einnig um dagatalið. Heimurinn er einn, verður hann að hafa svipað dagatal. Baháar bjuggu til alveg nýtt dagatal sem er algjörlega óháð öllum fyrri dagatölum. Byrjað er að reikna frá 1844. Þann 23.mai 1844 sagði Bab að hann væri sendiboði Guðs. Þeir nota sólardagatal sem samanstendur af 19 mánuðum og hver þeirra er 19 dagar. Þetta þýðir 361 dagar. Til að ná 365 dögum er 4 dögum bætt við áttunda mánuðinn, samanlagt 23 dagar. Fjórdá hvert ár er hlaupár og þá fær áttundi mánuðurinn 24 daga. Árið byrjar eins og íranska árið, við vorjafndægur 21.mars eftir vestrænu dagatali. Helgidagar og hátíðir hafa fastar dagsetningar. Mánuðurnir og vikudagarnir bera nöfn eftir eiginleikum Guðs. Dagurinn hefst og lýkur við sólarsetur, ákveðið klukkan 18.00. Enginn sérstakur helgidagur er haldinn. Fyrsti dagur í hverjum mánuði er hátíðardagur. Þá skal halda upp á og ekki skal vinna þessa daga. Safnast skal saman og fara með bænir, lestur og hátíðarsamvera (Börresen 1997:25).

Hvað eiga trúarbrögðin sameiginlegt?

Trúarbrögðin hafa öll einhver ákveðin tákni

1. Helstu tákni Gyðinga eru sexhyrnd stjarna og 7 kerta kertastjaki-menorah. Sexhyrnda stjarnan er tákni á fána Ísrael.
2. Íslam hefur Múslimsk tákni sem eru tungl og stjörnur. Múslimar telja að Íslam leiði fólknið í gegnum lífið eins og stjörnurnar og tunglið leiði fólknið yfir eyðimörkina.
3. Búddatrú hefur stytur af búdda, misjafnar eftir gerð og lögun. Styttur hafa misjafna þýðingu.
4. Kristin tákni eru krossinn sem byggist á því að Jesú var krossfestur. Misjafnt er eftir trúarreglum hvernig krossinn er, mótmælendur hafa auðan kross en kaþólskir hafa kross með Jesúmynd.
5. Hindú hefur ekki nein tákni í líkingu við hin trúarbrögðin en þegar hindúar fara í musteri til að biðja, kyrja þeir „Om“ fyrir munni sér. Það stendur fyrir Guð.

Trúarbrögðin hafa öll einhver bænahús eða staði þar sem trúin er iðkuð:

1. Gyðingar hafa sýnagógur eða bænahús sem eru helgisstaðir í augum gyðinga.
2. Íslamstrúarmenn fara í moskur til að iðka sína trú.
3. Búddar hittast í hofi sem kallast Vihara.
4. Kristnir menn fara í kirkjur, kapellur, dómkirkjur og fundasali.
5. Hindúar fara í musteri.

Trúarbrögðin hafa öll trúarrit sem leiðbeiningar í gegnum lífið:

1. Biblía gyðinga (gamla testamentið) er skipt upp í þrjá kafla. Fyrsti heitir Tora og inniheldur boðorðin 10 og þau 613 lög sem guð gefur til að takast á við lífið, siðferðileg, andleg og hagnýt.
2. Íslamstrúarmenn hafa Kóraninn og sú bók veitir Múslimum nánast algjörar leiðbeiningar um hvernig þeir skuli haga lífi sínu, hvernig þeir skuli biðja, hvernig þeir skuli minnst íslamskrar trúar og siða.
3. Búddar eiga bók sem heitir Tripitaka. Hún inniheldur fræði Gautama Siddartha sem var upphafsmaður Búddatrúarinnar
4. Kristnir menn hafa biblíuna sem heilaga bók. Biblíunni er skipt í tvo hluta, Nýja og Gamla Testamentið.
5. Helgasta rit Hindúa er Rig Veda sem þýðir andlegur vísidómur (Millam 2002:63-92).

Sögur

Góð leið til að kenna börnum er að segja þeim sögur. Það hjálpar börnum að geta tengt það sem þau eru að læra um við raunveruleikann, eitthvað sem þau þekkja. Sagan um kínverska dagatalið og hvernig það varð til, er góð leið til að hjálpa börnum að skilja hvernig það dagatal varð til. Þetta er skemmtileg saga, einföld og góð.

Sagan um það hvernig Sólin og Tunglið komust upp á himininn er einnig skemmtileg.

Með því að segja börnunum sögur er á auðveldan hátt hægt að kenna þeim og vekja áhuga þeirra.

Sagan um kínverska dagatalið

Hvernig fengu árin nöfn?

Gömul saga segir að dýrin hafi eitt sinn verið að rifast um það hver stjórnmaði gangi ársins.

Guðirnir voru beðnir um að stöðva þetta rifildi og settu þeir upp keppni. Sá sem gat synt fyrstur yfir ákveðna á myndi stjórna gangi ársins og svo myndu þeir sem kæmu á eftir taka sér þá stöðu sem þeir næðu þar á eftir. Öll dýrin söfnuðust saman við ána og hoppuði út í.

Uxinn sem leiddi hópinn tók ekki eftir að rotta hafði hoppað upp á hrygginn á honum og rétt áður en uxinn náði til lands hoppaði rottan í land. Þar með hafði hún unnið. Þess vegna byrjar áhringurinn á ári rottunnar. Þar á eftir kemur uxinn, tígrisdýrið, hérinn, drekinn, slangan, hesturinn, sauðurinn, apinn, haninn, hundurinn og svínið (Börresen 1997:19).

Saga frá Nígeríu

Hvernig sólin og tunglið komust upp á himininn

Fyrir langa löngu bjuggu Sólin og fállega konan hans Tunglið niðri á jörðinni. Sólin var mikill vinur Vatnsins og fór oft í heimsókn þangað sem Vatnið bjó. Þeir gátu verið saman svo tímunum skipti. En Vatnið heimsótti hins vegar aldrei Sólina og einn daginn spurði Sólin:

„Af hverju kemur þú aldrei að heimsækja mig? Ég kem alltaf til þín en þú kemur aldrei til mín. Ég og Tunglið yrðum voða glöð ef þú og fjölskylda þín mynduð vilja koma til okkar”. Vatnið fór að hlæja og sagði: „kærar þakkir góði vinur. Þú mátt ekki verða leiður þó að ég heimsæki þig ekki. Ég held að húsið þitt sé ekki nógu stórt til að taka á móti mér og minni fjölskyldu. Ef ég kem með alla fjölskyldu mína til þín er ég hræddur um að ég hræði þig” Þá sagði Sólin: „Við höfum ákveðið að byggja stærra hús og það strax. Ef það er nógu stórt viltu þá koma?” „Það verður þá að vera mjög stórt því ég og fjölskylda mín tókum mikið pláss. Ég er hræddur um að við munum eyðileggja húsið ykkar” sagði Vatnið. Sólin skildi þetta ekki og

varð leiður því Vatnið vildi ekki heimsækja hann. Þess vegna lofaði Vatnið að reyna að koma þegar nýja húsið væri tilbúið. Hann vildi ekki hræða vin sinn, en hann aðvaraði hann og sagði að húsið yrði að vera svakalega stórt því fjölskylda hans væri svo stór. Sólin og Tunglið byggðu flott og stórt hús. Þegar það var tilbúið fór Sólin til Vatnsins og sagði: „Kæra Vatn, vertu svo góður að koma núna í heimsókn. Mig langar svo til að þú komir og skoðir nýja húsið okkar.” Sólin var svo ánægður með nýja húsið og vildi endilega að besti vinur sinn myndi sjá það svo að Vatnið gat ekki sagt nei við þessu boði. Vatnið var reyndar áhyggjufullur en sagðist skyldi koma. Daginn eftir höfðu bæði Sólin og Tunglið tekið til og gert það fint og flott þegar Vatnið skyldi loksins koma í heimsókn. Gegnum dýrnar flaut Vatnið og hann kom ekki aleinn. Hann hafði með sér fiska, ála, froska, vaðfugla, sjófugla, síóngur og vatnarottur. Þegar Vatnið hafði náð upp á miðja vegg hússins sagði hann við Sólina: „Viltu ennþá fá mig og mína fjölskyldu í heimsókn?” Sólin, sem var dálítið einfaldur, vildi ekki vera dónalegur og sagði „já auðvitað, komið bara öll inn!” Vatnið hélt áfram að

streyma inn um dyrnar þangað til Sólin og Tunglið urðu að klífra upp á þakið á húsinu til að verða ekki blaut. „Viltu enn að við komum í heimsókn?“ spurði Vatnið. Sólin vildi ekki taka það til baka sem hann hafði sagt við vin sinn, jafnvel þó að hann vissi að Vatnið hafði haft rétt fyrir sér að ekki væri nóg pláss og svaraði: „Já góði vinur minn, ég hef boðið ykkur öllum í húsið mitt. Komið inn, komið inn.“ Og Vatnið hélt áfram að streyma inn og að lokum náði Vatnið upp á þakið. Til að verða ekki blaut urðu Sólin og Tunglið að fara upp í himinninn og hafa verið þar síðan (Börresen 1997:17-18).

Heimildir

- Beate Børresen. 1997. *Höyðider og höyðidsfeiring*. Tano Aschehoug.
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. Fjölmenningskennsla. Í Fjölmenningskennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og forðómum. Endurskoðuð útgáfa. Reykjavík.
- Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. *Fjölmenningsleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Bókautgáfan Hólar.
- Millam, R. 2002. *Anti-discriminatory Practise. A guide for workers in childcare and education* (2. útgáfa). London: Cassell.

Vefheimildir

Britannica Online
<http://search.eb.com/>
(Sótt 26.janúar 2007).

Wikipedia
<http://www.wikipedia.org/>
(Sótt 7.febrúar 2007).

Wikipedia íslenski hlutinn (forsíða)
<http://is.wikipedia.org/wiki/Fors%C3%AD%C3%B0a>
(Sótt 13.febrúar 2007).

World factbook
<https://www.cia.gov/cia/publications/factbook/index.html>
(Sótt 13.febrúar 2007).